



Árneshreppur
Hlynur Torfi Torfason
Höfðagötu 3
510 HÓLMAVÍK
Iceland

Garðabær, 28.2.2025

Málsnúmer: 202412-0007

LA

Efni: Tillaga að deiliskipulagsbreytingu vegna Hvalárvirkjunar, Árneshreppi

Vísað er til erindis Árneshrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 2. desember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingartillögu á deiliskipulagi Hvalárvirkjunar í Árneshreppi vegna rannsókna. Núgildandi deiliskipulag Hvalárvirkjunar var samþykkt 19. júní 2019.

Markmið deiliskipulagsbreytingar er að aðlaga vinnuvegi, efnistökusvæði og starfsmannabúðir að náttúruminum þ.e. trjábolaförum á svæðinu. Einnig er markmiðið að aðlaga framkvæmdir að landi og draga úr truflun vegna umferðar á framkvæmdatíma. Í þeim tilgangi verða skilgreind ákvæði og aðgerðir.

Hönnun vinnuvega eru uppfærð og veglínur lagfræðar í samræmi við niðurstöður skráninga á trjábolaförum. Skilgreint er 15 m helgunarsvæði umhverfis trjábolaförin þar sem rask er óheimilt. Skilgreindir eru framkvæmdareitir um vinnuvegi og rannsóknarboranir, sem eru um 45 m breið svæði. Innan framkvæmdareits verður heimilt að hnika til vinnuvegum.

Vatnshlot innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar verða ástandsflokkuð, skildgreindar verða mótvægisáðgerðir og líkleg áhrif framkvæmda á vantshlotin metin.

Breytingar eru gerðar á afmörkun efnistökusvæðis við Efra-Hvalárvatn og byggingarreitur fyrir tímabundnar starfsmannabúðir afmarkaður. Rafstreng að starfsmannabúðum er bætt inn á deiliskipulagsuppdrátt, ásamt vinnuvegum að efnistökusvæðum (E19 og E20) og vinnuveg að fyrirhuguðu stöðvarhúsi. Umfang efnistökusvæðis innan Hvalárlóns, E19, breytist úr 40.000 m² í 77.000 m².

Í bréfi frá Verkís f.h. VesturVerks ehf. til Árneshrepps, dags. 11. nóvember 2024, er óskað eftir heimild um breytingu á deiliskipulagi ásamt umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir rafstreng, vinnuvegi og efnistöku vegna rannsókna.

Tilgreindar eru eftirfarandi undirbúningsrannsóknir:

- Rannsóknir á bergi vegna jarðganga og fyrir stíflur uppistöðulóna
- Rannsóknir á jarðlögum og nýtanlegu jarðefni til að ákveða legu og umfang efnisnáma



Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fylgiskjöl þar sem breytingar eru sýndar á fimm skipulags uppdráttum. Stutt greinargerð fylgir með á Uppdrætti nr. 1 (13029-022 DSKbr-Hvalárvirkjun v-rannsóknna UPPDR1 (ID 436412)), en greinargerð deiliskipulagsbreytinga ásamt umhverfisskýrslu virðist ekki aðgengileg á þessu stigi. Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að í tillögum að deiliskipulagsbreytingum er lögð áhersla á að taka tillit til trjábolafara í hraunlögum og koma í veg fyrir risk á þeim, en á svæðinu finnst óvenju mikið af slíkum förum. Þó er ljóst að mörg trjábolaför munu hverfa undir fyrirhuguð uppistöðulón. Stofnunin telur einnig mikilvægt að farið verður í að ástandsflokka vatnshlot innan svæðisins í samræmi við lög um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) og skilgreina mótvægisáðgerðir.

Um helmings stækkun verður á efnistökusvæði E19 sem liggur norðan við Neðra-Hvalárvatn en fram kemur að efnismagn verði óbreytt. Engar skýringar fylgja um ástæðu stækkunnar, en líklega mun efnistökusvæðið lenda undir lónsstæði. Á uppdráttum sem fylgdu umsagnarbeiðni væri gott að hafa með útlínur fyrirhugaðra lónsstæða.

Samkvæmt bréfi Verkís í nóvember 2024 er ljóst að enn á eftir að fara í rannsóknir og rannsóknaboranir í tengslum við jarðgöng og stíflur virkjunarinnar. Náttúrufræðistofnun bendir á að Umhverfis- og orkustofnun fer með leyfisveitingar til rannsókna sbr. 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (nr. 57/1998).

VesturVerk ehf. óskaði eftir framlengingu á rannsóknarleyfi í erindi til Orkustofnunar dags. 4. janúar 2019 og þar sem stendur:

„VesturVerk hefur lokid öllum rannsóknum sem fyrirhugaðar voru vegna rannsókna fyrir Hvalárvirkjun fyrir utan kjamaborun í jarðgangaleidir og stíflustæði svo og að staðfesta magn jökulruðnings með greftri könnunarhola. VesturVerki hefur ekki þótt forsvaranlegt vegna kostnaðar að gera þær rannsóknir fyrr en niðurstaða Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats virkjunarinnar liggur fyrir svo og nýr afhendingarstaður raforku (ákvörðun Landsnets og Orkustofnunar) í Ísafjardardjúpi.“

Orkustofnun framlengdi áður útgefið rannsóknarleyfi til 31. mars 2021, sem er núna útrunnið (Málsnúmer OS2019010042, Leyfisnúmer OS-2015-L002-03).

Hvalárvirkjun er í orkunýtingarflokki samkvæmt gildandi rammaáætlun og fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir hafa farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög og reglugerðir. Álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir, dags. 3. apríl 2017, og þar eru gerðar margvíslegar athugasemdir um neikvæð umhverfisáhrif virkjanaframkvæmda.

Um landslag, ásynd og víðerni segir í álit Skipulagsstofnunar:

“Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif Hvalárvirkjunar felist í umfangsmikilli skerðingu óbyggðs víðernis og breytttri ásynd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess, þar sem náttúrulegt umhverfi verður manngert á stóru svæði. Inngrip í vatnafar svæðisins verður mikið og mun rennsli í Hvalá, Rjúkanda og Eyvindarfjarðará minnka verulega og hafa áhrif á ásynd vatnsfallanna, meðal annars fossins Drynjanda í Hvalárgljúfrum, fossaraðar í Eyvindarfjarðará, Hvalárfoss og Rjúkandafoss. Samlegð með áhrifum fyrirhugaðrar háspennulínu yfir Ófeigsfjarðarheiði og mögulegrar Austurgilsvirkjunar á Langadalsströnd eykur enn á áhrif Hvalárvirkjunar á landslag og víðerni.”

Þá kemur einnig fram í álit Skipulagsstofnunar að rekstur virkjunarinnar sé háð því að lögð verði raflína frá Hvalárvirkjun að tengivirki á Langadalsströnd við Ísafjardardjúp og þarf lagning hennar að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Í álit Skipulagsstofnunar stendur:



“Raflínan kemur til með að liggja um tvö sveitarfélög, Árneshrepp og Strandabyggð, en Hvalárvirkjun er öll innan Árneshrepps. Skipulagsstofnun telur æskilegt að leyfisveitingar til þessara framkvæmda sem háðar eru hvor annarri, þ.e. virkjunarinnar og raflínunnar, fari fram samhliða.”

Þessar leyfisveitingar liggja ekki fyrir.

Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir það mat í greinargerð á uppdrætti deiliskipulagsins að umhverfisáhrif breytinga hafi líklega jákvæð áhrif á náttúrufarslega þætti og landslag. Fyrirhuguð Hvalárvirkjun mun hafa mikil og neikvæð áhrif á náttúruminjar, landslag og skerða óbyggð víðerni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi við tillögur að deiliskipulagsbreytingum Hvalárvirkjunar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur